

Að kenna ritfærni á gervigreindaröld

Védís Ragnheiðardóttir, aðjunkt, íslensku- og menningardeild

Háskólakennarar hafa ekki farið varhluta af þeim áskorunum sem fylgt geta þeirri hröðu framþróun í gervigreind, nánar tiltekið sköpunargreind, sem orðið hefur síðustu misseri. Misjafnar skoðanir eru innan háskólasamfélagsins hvernig takast eigi á við þessa nýju tækni. Á að taka henni fagnandi og umbreyta kennslu í þá átt að hún snúi meira að þjálfun nemenda í notkun gervigreindar eða á að reyna að koma í veg fyrir gervigreindarnotkun? Eða er best að feta einhvers konar milliveg? Í erindinu mun ég fjalla um hvernig ég hef tæklað gervigreindarnotkun í ritfærninámskeiði á BA-stigi í íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands. Í námskeiðinu hef ég kosið að fara þá leið að meina nemendum notkun gervigreindar við textaskrif, enda felst námskeiðið í því að efla ritfærni nemenda. Námskeiðið byggir að miklu leyti á leiðsagnarmati. Regluleg verkefnaskil eru gegnum allt námskeiðið og fá nemendur endurgjöf frá kennurum og aðstoðarkennara, sem og jafningjaendurgjöf. Einu verkefni skila nemendur endurritun af og í lok misseris skila þeir ferilmöppu með m.a. endurritun tveggja verkefna. Þar að auki eru vikulega ritsmiðjur þar sem nemendur vinna að verkefnum í tíma, sem mörg hver enda sem skilaverkefni. Í tíma gefst nemendum tækifæri til að ræða við samnemendur um hugmyndir sínar, lesa verkefni hvor annarra sem og að taka spjallið við kennara. Þetta námsfyrirkomulag dregur verulega úr líkunum á að nemendur leiti til gervigreindar í svitabaði korter í skil. En námsfyrirkomulagið hefur einnig sýnt sig styðja nemendur í að öðlast sterkari sjálfsmynd og trú á sér sem höfundar. Ég tel að þetta aukna sjálfstraust geti dregið úr líkum á óhóflegri notkun gervigreindar þar sem nemandi sem telur sig sjálfan góðan penna gæti séð minni tilgang í að láta gervigreind semja fyrir sig misgáfulegan texta.